

EYSTRAHORN

31.tbl. 41. árgangur

21.september 2023

www.eystrahorn.is



Komið er út Eystrahorn í nafni Björgunarfélags Hornafjarðar og Slysavarnaeildarinnar Framtíðarinnar. Blaðið er gefið út í fjáröflunarskyni fyrir nýrri björgunarmiðstöð á Hornafirði og líka til að kynna okkar starf í þessum tveimur félögum.

Bæði félögin eiga sér langa sögu en Slysavarnaeildin Framtíðin var stofnuð 7.febrúar 1954 og verður því 70 ára á næsta ári.

Á 20 ára afmælisári

Slysavarnaeildarinnar, 1974, var mikið framfaraskref stigið þegar lokið var við byggingu Slysavarnahússins við Álaugarveg 9. Þetta hús var byggt af mikilli alúð félaga í deildunum og hjálpuðust allir að sem vettlingi gátu valdið.

Árið 1984 var farið af stað með að byggja við húsið og þá er bætt við tækjageymslu fyrir tæki Björgunarfélagsins á þeim tíma. Þetta var tæplega 100 fm salur með 2 stórum hurðum fyrir bíl og bát félagsins og þótti mikil bylting þá.

Umfang félaganna hélt áfram að stækka og aftur var tekin ákvörðun um að byggja við. Árið 1993 er svo nýjasti áfangi Slysavarnahússins byggður og er þá komið í þá mynd sem við þekkjum í dag. Þessi hluti hússins var byggður í samstarfi við Frumherja, sem hefur starfrækt skoðunarstöð í húsinu allar götur síðan.

Núverandi húsnæði félaganna er samtals 390 fm að stærð, og hefur þörfin á stærra húsnæði blasað lengi við. Endanlega má segja að húsið hafi sprungið þegar Björgunarfélagið fjárfesti í nýjum slöngubát, Björgvin, fyrir um 10 árum síðan. Síðustu ár hefur hann verið í geymslu hjá Skinney-Þinganes vegna plássleysis.



Það er svo árið 2018 sem vinna innan félaganna hefst við að gera þarfagreiningu svo hægt væri að átta sig á í hvernig framkvæmdir þurfti að ráðast. Þegar því verkefni var lokið sofnaði verkefnið værum blundi og var tekið upp aftur á vormánuðum í fyrra.

Í dag er hægt að segja að við sjáum fyrir endann á verkefninu, en það er óhætt að segja að það hafi fengið byr undir báða vængi þegar Skinney-Þinganes ákvað, í tilefni af 80 ára afmæli félagsins, að veita styrk að upphæð 200 milljónum í verkefnið.

Í framhaldi af því var ákveðið að taka fyrstu skóflustungu að nýju húsi um sjómannadagshelgina síðustu. Í kjölfarið var ætlunin að hefja jarðvegsframkvæmdir í sumar, en af ýmsum ástæðum þá hefur það dregist aðeins á langinn. En í dag ættu teikningar fyrir grunni að vera tilbúnar og jarðvegsframkvæmdir geta því farið að hefjast.

Búið er að semja við Límtré-Vírnnet um húsið og ætti það að fara í framleiðslu í Janúar/Febrúar og er ætlunin að reisa húsið í byrjun næsta sumars ef áætlanir standast. Verklok eru svo

áætluð á vormánuðum árið 2025 og er ætlunin að halda kaffi á sumardaginn fyrsta það ár!

Þrátt fyrir veglegan styrk Skinneyjar-Þinganes þá hljóðar kostnaðaráætlun fyrir verkið uppá 448 milljónir og því höfum við ötullega að því að funda með fyrirtækjum í samfélaginu og er staðan sú að við teljum okkur vera búin að fjármagna 72% af verkefninu.

Þess vegna leitum við í dag til allra Hornfirðinga til að hjálpa okkur að fjármagna það sem útaf stendur því að við lítum svo á að þetta hús eigi eftir að þjóna samfélaginu á Hornafirði til fjölmargra ára, líkt og hið gamla hefur gert frá upphafi.

Fyrir hönd Björgunarfélags Hornafjarðar og Slysavarnaeildarinnar Framtíðarinnar viljum við fyrirfram þakka góðar móttökur,

*Finnur Smári Torfason, formaður
Björgunarfélags Hornafjarðar
Fjóla Jóhannsdóttir, formaður
Slysavarnaeildarinnar
Framtíðar*



Austurbraut 20 Sími: 662-8281
Útgefandi: Eystrahorn ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Netfang: arndis@eystrahorn.is
Prófar kalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Björgunarfélag Hornafjarðar lauk núna á árinu skráningu á almannaheillaskrá Ríkisskattstjóra. Í þeirri skráningu felst að framlög rekstraraðila til Björgunarfélagsins eru frádráttarbær frá tekjuskattsstofni að því marki að heild gjafa til almannaheillafélaga sé undir 1,5% af tekjum á ársgrundvelli. Jafnframt geta einstaklingar nú dregið framlög sín til Björgunarfélagsins frá tekjuskattsstofni við framtalsgerð. Heildarfrádráttur á ári vegna gjafa til almannaheillafélaga er 350 þús. kr. á ári eða 700 þús. fyrir hjón og aðra samskattaða aðila. Til þess að frádráttur virkist þurfa heildarframlög til almannaheillafélaga á mann á ári að vera að lágmarki 10 þús. kr. Á það skal jafnframt bent að einstaklingar þurfa ekki að halda sérstaklega utan um framlög sín heldur kemur frádráttur forskráður á framtal til samræmis við uppgefna launamiða. Björgunarfélagið hvetur alla til að nýta sér þessa leið við að styrkja starfsemina.

Hægt er að fara ýmsar leiðir við styrkja félögin til húsbyggingarinnar. Til dæmis er hægt að gera eingreiðslu á styrktarreikning fyrir húsbyggingunni, eða að útbúa mánaðarlega greiðslu. Sem dæmi má nefna að einstaklingur með meðaltekjur 500.000 kr. styrkir okkur um 50.000 kr. fær hann 18.795 kr. í skattaafslátt. Raunkostnaður einstaklings er því 31.025 kr. en Björgunarfélagið og Slysavarnadeildin fá 50.000 kr. í styrk. Ef fólk vill frekari upplýsingar má endilega hafa samband við Finn, formann Björgunarfélags Hornafjarðar í síma 868-4034.

Með fyrirfram þökkum,

Björgunarfélag Hornafjarðar
Slysavarnadeildin Framtíðin

Upplýsingar um styrktarreikning:

kt. 640485-0439

rnr. 0135-15-003513

SLYSAVARNARFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG



**Við styðjum stolt við uppbyggingu
björgunarstarfs í Hornafirði**



Sigurður Ólafsson ehf



BJÖRGUNARFÉLAG HORNAFJARÐAR



Ég hef ekki starfað lengi í Björgunarfélaginu, en þar byrjaði ég haustið 2017 eftir að ég flutti aftur heim á Hornafjörð frá Danmörku. Fyrir þann tíma hafði ég ekki haft mikinn áhuga á að starfa í björgunarsveitum en lét slag standa þarna um haustið 2017 og í dag er ég á þriðja ári sem formaður Björgunarfélagsins.

Að starfa í björgunarfélaginu er gefandi og skemmtilegt, en líka krefjandi og erfitt. Það er hreint ótrúlegt að í flestum samfélögum í kringum landið sé hópur fólks tilbúinn hvenær sem er að hoppa út í aðstæður sem flestir aðrir forðast.

Hér í sveitarfélaginu starfa 2 ótrúlega öflugar sveitir á Höfn og í Örfum. Lega sveitarfélagsins og stærð gerir það að verkum að við þurfum ótrúlega oft að sinna allskonar verkefnum á sjó, landi og jökli. Fjölbreytileiki verkefnanna á sér fáar, ef nokkrar, hliðstæður á Íslandi.

En starf í björgunarsveit snýst ekki einungis um útköll. Félagslegi hlutinn er jafn mikilvægur. Á þriðjudagskvöldum yfir veturinn hittumst við að jafnaði og þar er ýmislegt brallað. Léttar æfingar, viðhald á tækjum og búnaði eða bara spjall.

Auk hittinga á þriðjudögum eru haldin

námskeið reglulega í verkefnum sem snúa að því helsta sem við getum lent í, t.d. skyndihjálpi, leitartækni, snjóflóðanámskeið, slöngubátsnámskeið, fjallamennskunámskeið og svo mætti lengi telja. Að lokum er farið í ferðir á vegum félagsins á Ingibjörgu, eða Björgvini, eða á bílunum okkar eða sleðum. Allt eru þetta ferðir sem farið er í til að auka þekkingu okkar á tækjum, búnaði og landinu sem við þurfum að standa í að bjarga fólki seinna meir.

Slysavarnafélagið Landsbjörg heldur síðan nokkra hittinga sem við höfum verið dugleg að sækja og er ótrúlega gaman að mæta á eins og Landsþingin og Björgunarleikana sem haldnir eru annað hvert ár, Tækjamót, Björgun og svo mætti áfram telja.

Þetta er ekki teljandi listi yfir hluti sem eru í boði fyrir þá sem starfa í björgunarsveitum, en eins og sést er þetta fjölbreytt og skemmtilegt starf sem ég, sem tel mig að mörgu leyti enn til nýliða, mæli hiklaust með.

Vetrarstarfið er ekki enn hafið hjá okkur en fer fljótlega af stað og verður auglýst nánar þá og mæli ég hiklaust með að fólk komi og prófi að mæta á þriðjudagskvöldum hjá okkur og kynnist starfinu.

*Fyrir hönd Björgunarfélags Hornafjarðar
Finnur Smári Torfason, formaður*



SLYSAVARNARDEILDIN FRAMTÍÐ



Mynd/Landsþing hjá Landsbjörgu á Akureyri 2023. Ása, Erla, Anna og Erla Berglind

Að vera í Slysavarnafélaginu Framtíðinni færir manni skilning á orðatiltækinu að “maður er manns gaman”. Þetta má til sanns vegar færa þegar fjallað er um Slysavarnadeildina Framtíðina en þar er gaman að starfa. Markmiðið er helst slysavarnir og fjáraflanir, og oft mikil skemmtileg og gefandi vinna sem þarf að inna af hendi. Annað hvert ár eru haldin Landsmót slysavarnadeilda og þar er oft mikið fjör. Arið á móti halda kvennadeildir á Austurlandi svokallaðan Austfjarðahitting og gerir það mikið til að styrkja deildirnar og samvinnu á milli þeirra. Við höfum haft aðventukvöld fyrir jólin þar sem borðað er saman, skipst á þökkum og gert eitthvað skemmtilegt. Eins eru hannyrðakvöld (KÓSÝKVÖLD) og svo er oft gaman að hittast við önnur störf tengd fjáröflunum og félaginu sjálfu. Mér er minnisstætt ferðalag þó nokkurra kvenna úr félaginu á Kvænnaþing sem þá hét en búíð er að breyta í Landsmót slysavarnadeilda. Slysavarnadeildin Dagbjört stóð fyrir þinginu í Keflavík fyrir nokkrum árum og var þemað stríðsárin og voru allir spenntir fyrir því. Farið var með rútu, sem bilaði svo að það var bara hægt að keyra afskaplega hægt.

Við komumst samt á áfangastað eftir 10-12 tíma ferðalag og þrátt fyrir það voru allir hressir. Það voru fyrirlestrar og fræðsla strax morguninn eftir þar sem hægt var að kynna mörgu nýju og gagnlegu. Það að hitta konur úr öðrum deildum í spjalli um starfið gefur alltaf góðar hugmyndir og alltaf hægt að læra eitthvað nýtt. Um kvöldið var heljarinnar skemmtun og ball. Þar voru deildirnar með þemað á hreinu og mátti sjá hermenn og dömur uppáklæddar í kjóla sem hefðu smellpassað á dansleik á stríðsárunum. Þar sem þingið var haldið á fyrrum varnarsvæðinu var dansleikurinn að sjálfsögðu í offiseraklúbbnum. Meðlimir í einni deildinni tóku þemað skrefi lengra en aðrir og var fornbílaklúbburinn fenginn til að skutla á ballið. Þetta var virkilega skemmtilegt og ævintýralegt kvöld. En strax morguninn eftir var aftur fræðsla og fyrirlestrar áður en haldið var heim á leið eftir eftirminnilega helgi. Austfjarðahittingar eru líka afskaplega skemmtilegir og bara fáein ár síðan við í Framtíðinni héldum slíkan hitting. Við fengum til okkar fullt af konum úr deildunum fyrir austan og skemmtum okkur saman og lærðum nýja hluti.

Landsþing hjá Landsbjörg förum við á ásamt Björgunarfélagi Hornafjarðar annað hvert ár og er það mikill lærdómur sem fer þar fram í formi fræðslu og reynslu sem við deilum okkar á milli.

Margt er nú gert í Framtíðinni og stöndum við undir nafninu slysavarnafélag og hugðarefni okkar eru slysavarnir. Okkur er umhugað um að allir noti hjálma og höfum við verið að gefa hjálma til 5. bekkjar í Grunnskóla Hornafjarðar. Þá höfum við gefið hjartastuðtæki á marga staði hér á Hornafirði, endurskinsmerki og vesti í Grunnskóla Hornafjarðar, endurskinsvesti á leikskólann, fylgjumst við með öryggi barna í bílum fyrir utan leikskólann. Við erum líka á verði gagnvart slysaþættum í okkar bæjarfélagi og látum vita til bæjarins ef eitthvað vekur hjá okkur grunsemdir um slysaþættur og líka áberandi slysaþættur.

Fjáraflanir eru mikilvægar í okkar starfi. Sumardagurinn fyrsti er fastur í sessi hjá okkur með dekkjuð hlaðborð af kökum og góðgæti. Við erum orðnar meistarar í candy-flossgerð og seljum það um sjómannahelgi, 17 júní og á Húmarhátíð. Hapdrættislinan í nóvember er orðin fastur liður hjá okkur og Hornfirðingum sem taka vel á móti okkur.

En eins og með mörg félög þessi síðustu ár hefur fækkað í okkar deild. Það er mikið að gera hjá öllum og félagsstörf kannski ekki forgangsatríði. En ég mæli með því að koma í félagið. Það er gefandi að vinna að samfélagslegum verkefnum og aðstoða þegar þarf. Eins er gaman að vinna í félagi við aðra og uppskera svo skemmtun fyrir góða vinnu. Slysavarnadeildin Framtíðin tekur inn nýja félaga á haust- og aðalfundi og öll eru velkomin. Mæli eindregið með því að taka þátt og koma á haustfund sem verður 13. október næstkomandi og verður auglýstur betur þegar nær dregur.

Fyrir hönd Slysavarnadeildarinnar
Framtíðar,
Fjóra Jóhannsdóttir, Formaður

Styrktarlínur

Þratarhóll ehf

Dynjandi ehf



Jólahlaðborð Hótel Smyrlabjörg

Við ætlum að hafa jólahlaðborð dagana 1.des og 2.des


Verð fyrir jólahlaðborð 11.500 kr á mann

Verð fyrir jólahlaðborð og gistingu með morgunverði 20.000 kr á mann m.v 2ja manna herbergi.

**Hefðbundið jólahlaðborð með smá villibráðarívafi.
Jólaþorpið verður á sínum stað.**



Pantanir í síma, tölvupósti eða skilaboðum

 8936974

 smyrlabjorg@smyrlabjorg.is

 facebook.com/Smyrlabjorg



ICE EXPLORERS OF VATNAJÖKULL



*laus störf í boði - we
are hiring
ice@explorers.is*

BJÖRGUNARFÉLAG HORNAFJARÐAR OG SLYSAVARNARDEILDIN FRAMTÍÐIN - TAKK!



Í Hornafirði er landslagið stórkostlegt og sannkallað heimili náttúruperla. Með háum fjöllum, djúpum giljum og tignarlegum Vatnajökli í norðri og hrikalegri strandlengju fyrir opnu hafi í suðri - sannkölluð náttúru paradís. Slíkri fegurð fylgir mikið aðdráttarafl og til okkar flykkjast nú ferðamenn sem aldrei fyrr.

Hér í Hornafirði erum við með stórkostlega innviði þegar kemur að allskonar afþreyingu og gistingu í boði fyrir ferðafólk. En það sem við höfum áhyggjur af eru öryggis innviðirnir. Á okkur hvílir sú ábyrgð að tryggja öryggi bæði íbúa og þeirra fjölmörgu ferðamanna

sem flykkjast til okkar.

Nú hafa Björgunarfélag Hornafjarðar og Slysavarnardeildin Framtíðin ákveðið að reisa nýja og glæsilega björgunarmiðstöð hér á Höfn. Þessi metnaðarfulla uppbygging er til marks um þann stórhug og trú á framtíðina sem á svæðinu ríkir. Fjármögnun á verkefninu er langt komin en enn þá vantar fjármagn til að fullfjármagna þetta mikilvæga verkefni.

Skinney - Þinganes hf. samþykkti á aðalfundi sínum í vor, að félagið legði fram 200 milljónir króna til byggingar nýrrar björgunarmiðstöðvar. Ég vil lýsa tærri aðdáun minni á þessu framlagi. Það er ekki sjálfsagt mál að við skulum eiga fyrirtæki sem er tilbúið að sýna slíka samfélagsábyrgð í verki. Ég vil, fyrir hönd okkar allra, þakka okkar öflugasta fyrirtæki fyrir gjöfina.

Sveitarfélagið hefur einnig styrkt Björgunarfélag Hornafjarðar veglega vegna uppbyggingarinnar og var nýr samstarfssamningur á milli aðila undirritaður nýlega. Í samningnum er árlegur styrkur til Björgunarfélagsins frá sveitarfélaginu bæði hækkaður og vísitölutengdur. Þá er í samningnum sérstakt ákvæði um styrk sveitarfélagsins vegna nýrrar björgunarmiðstöðvar upp á um 20 milljónir króna. Það er okkur bæði ljúft og skylt að stuðla þannig að framgangi verkefnisins. Ég vil einnig

nefna að í síðustu viku endurnýjuðum við styrktar- og samstarfssamning við hina mögnuðu björgunarsveit, Kára í Örafum.

Fyrir hönd bæjarstjórnar Hornafjarðar vil ég þakka liðsmönnum í Björgunarfélagi Hornafjarðar og Slysavarnardeildinni Framtíðinni. Ykkar starf er ómetanlegt fyrir samfélagið hér í Hornafirði. Bygging nýrrar björgunarmiðstöðvar mun stórbæta aðstöðu ykkar og vera hvatning til nýliðunar og eðlilegrar framþróunar og endurmenntunar sem þarf alltaf að eiga sér stað. Þá mun verkefnið einnig vera skref í átt að betri öryggis innviðum í sveitarfélaginu þó að margt fleira þurfi að koma þar til - ekki síst frá hendi ríkisins.

Björgunarsveitir okkar ásamt Slysavarnardeildinni hafa lengi verið hryggjarstykkið í öryggisneti okkar og órjúfanlegur hluti af samfélaginu. Í mínum huga er ekki hægt að ofmeta mikilvægi þessara aðila og skylda okkar allra að styðja við þeirra starf. Hjálp og aðstoð þeirra er aldrei langt undan, jafnvel við erfiðustu aðstæður.

Ég efast ekki um að nú sem fyrr muni Hornfirðingar snúa bökum saman og tryggja það sem vantar upp á í fjármögnun nýrrar björgunarmiðstöðvar - Björgunarfélag Hornafjarðar og Slysavarnardeildin Framtíðin, takk.

Sigurjón Andrússon bæjarstjóri

BERG-SPOR
Hafnarbraut 34 Sími 478-1807



SVEITARFÉLAGIÐ
HORNAFJÖRÐUR

*Við þökkum Björgunarfélagi Hornafjarðar og
Slysavarnardeildinni Framtíðinni kærlega
fyrir áratugalangt óeigingjarnt starf í þágu
samfélagsins. Meqi starfsemin halda áfram að
blómstra í nýjum húsakynnum.*

Heillaóskir frá Sveitarfélaginu Hornafirði

GLACIER JOURNEY

SNOWMOBILE & GLACIER JEEPS



Glacier Journey þakkar Björgunarfélagi Hornafjarðar fyrir frábæra þjónustu undanfarin ár.

Við erum ákaflega stolt og ánægð að geta boðið Björgunarfélaginu afnot af snjóbilnum Bola til viðbótar við flottan flota Björgunarfélagsins.

Við óskum Björgunarfélaginu góðs gengis við uppbyggingu nýrrar Björgunarmiðstöðvar.



www.glacierjourney.is



HÖFN

BERJAYA ICELAND HOTELS

Hvernig væri að komast í smá frí frá hversdagsleikanum?

Ekki leita langt yfir skammt. Vertu ferðamaður í þínum eigin bæ!

Ef þú bókar gistingu á netinu færðu tveggja manna herbergi með morgunverði á sérstöku tilboðsverði.

Út september frá 41.500 kr. á herbergi.

Október–desember frá 27.500 kr. á herbergi.

Bókaðu á icelandhotelcollectionbyberjaya.com

Við heitum hlýjum móttökum.

BERJAYA
ICELAND HOTELS

UNGLINGAÐEILDIN BRANDUR



Í Björgunarfélagi Hornafjarðar starfar Unglingaæildin Brandur. Unglingaæildin hefur starfað í mörg ár en hefur tekið löng hlé inni á milli. Að starfa í unglinaæildinni Brandi er mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Allir á aldrinum fimmtán til átján ára geta tekið þátt en þegar einstaklingar hafa náð átján ára aldri mega þeir fara yfir í stóru deildina en það er valfrjálst. Í unglinaæistarfi fá ungmenni leiðsögn frá reyndu björgunarsveitarfólki, öðlast færni og þekkingu á björgunarsörfum og læra að athafna sig í náttúru Íslands. Við í Brandi erum dugleg að heimsækja aðra viðbragðsaðila, svo sem lögreglu, slökkvilið og sjúkraflutningamenn. Einnig förum við stundum í dags- og helgarferðir sem er alltaf ægilega skemmtilegt. Það er mjög lærdómsríkt að starfa í unglinaæild þar sem við lærum skyndihjálp, sig og júmm, sjóbjörgun, leitartækni, hnúta, straumvatnsbjörgun

svo eitthvað sé nefnt.

Annað hvert ár er landsmót, en þar hittast allar unglinaæildir á landinu. Það sem er gert á mótinu er ansi margt þar sem mótið stendur yfir frá miðvikudegi til sunnudags. Hópnum er skipt í lið og þau keppast um sigur á mótinu. Árið 2022 var landsmótið haldið hér á Höfn í Hornafriði, mótið heppnaðist mjög vel, við kynntumst fullt af fólki og minningarnar munu alltaf lifa. Á hverju ári í nóvember er haldið svokallað Miðnæturmót í Vatnaskógi og hittast þá unglinaæildir af öllu landinu. Keppnin stendur yfir alla nóttina og keppast deildirnar á móti hvor annarri, farið er á nokkrar stöðvar og fjölbreytt verkefni eru leyst. Sem dæmi má nefna, hnúta, kassabílarallý, stígvélakast, hæfileikakeppni og margt fleira.

Við viljum sjá sem flesta unglinaæildir á komandi árum því þetta er mjög mikilvægt og skemmtilegt starf.

Helga Kristey Ásgeirsdóttir og Nina Ingibjörg Einarsdóttir.

BJÖRGUNARSKIPIÐ INGIBJÖRG

Eitt af 13 björgunarskipum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar er í okkar umsjón Björgunarskipið Ingibjörg. Sjáum við um að manna áhöfn þess og rekstur skipsins. Björgunarskipið Ingibjörg kom til Hornafjarðar árið 2005 og er því orðið stutt í að skipið sé búið að vera hér í 20 ár.

Björgunarskipið Ingibjörg er smíðað árið 1985 í Bretlandi og er af Arun Class gerð og er því orðið 38 ára gamalt, ganghraði skipsins er um 13-15 sjómílar. Skipið er engu að síður öflugt og hefur þjónað sínum verkefnum vel í gegnum tíðina og gerir enn. Útköll á björgunarskipið eru að jafnaði á milli 2-6 á ári hverju en svæðið er nokkuð stórt, frá Djúpavogi og vestur fyrir Ingólfshöfða. Von er á nýju björgunarskipi á næstu árum.

Slysavarnarfélagið Landsbjörg byrjaði undirbúningsvinnu við kaup á nýjum björgunarskipum árið 2017. Eftir útboð um smíði á þremur nýjum björgunarskipum árið 2021 var samið við finnska skipasmíða fyrirtækið KewaTec í Finnlandi og var fyrsta skipið afhent haustið 2022 í Vestmannaeyjum síðan þá er eitt skip komið á Siglufjörð. Það þriðja er að klárast og mun koma til landsins í haust. Lagði ríkið til um helmings fjármögnun í þessi þrjú skip.

Á Landsþingi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar í vor var svo skrifað undir samkomulag við ríkið um áframhaldandi aðkomu þeirra að fimm nýjum björgunarskipum til viðbótar. Nýju

Björgunarskipin er vel útbúin með öllum þeim helsta búnaði sem þrýða þarf svona skip og ganghraði á þeim um 32 hnútar sem er mun meira en á gömlu skipunum sem getur skipt sköpum þegar mikið liggur við.

Að manna áhöfn á Björgunarskip getur verið snúið þar sem jú það þarf skipstjóra og vélstjóra ásamt öðrum áhafnar meðlimum, en gert er ráð fyrir 4-6 í áhöfn. Ekki er um auðugan garð að gresja af réttinda mönnum hjá okkur og getum við alltaf bætt við okkur skipstjórum, vélstjórum og öðrum vönum sjómönnum. Hvetjum við þá sem hafa áhuga á að starfa á Björgunarskipinu að setja sig í samband við okkur.

Landsbjörg



SLSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Tryggjum öruggt samfélag

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur ráðist í endurnýjun allra 13 björgunarskipa sinna. Með nýju skipunum batnar aðbúnaður til muna og viðbragðstími stytst um allt að helming.

Sjóvá leggur 142,5 milljónir til kaupa á þremur fyrstu skipunum. Fyrstu tvö skipin eru þegar komin til landsins en það þriðja er væntanlegt í haust.

Það er okkur mikil ánægja að styðja við þetta verkefni sem tryggir stórukið öryggi, bæði á sjó og landi.

SJÓVÁ



STILLANLEG HJÓNARÚM

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA

Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

Gæða rúm og dýnur á góðu verði

Úrval af hlífðardýnum,
lökum og rúmfatnaði

Hrotutakki
Anti-snore



ÚRVAL AF HEILSUDÝNUM
Ýmir, Valhöll, Frigg, Óðinn,
Iðunn, Bodyprint.

NÝR
HÆGINDA-
STÓLAR
MARGAR
GERÐIR



NÝR
LYFTUSTÓLAR
MARGAR
GERÐIR



Glæsilegt úrval af
skartgripum frá
Sign, Vera Design o.fl.

VERA með þér



VERADESIGN.IS



EFNALAUG DÓRU EHF

Þjónustar hótél, veitingastaði og fyrirtæki
jafnt sem einstaklinga með þvott
á hótél líni, fötum, tuskum og mottum.

Leiga

- Hótél lín
- Dúkar
- Mottur
- Teppahreinsivél

Hreinsun

- Jakkaföt
- Kjólar
- Skyrtur
- Margt fleira

Tökum vel á móti ykkur

Efnalaug Dóru ehf
Þvottahús og hreinsun
Bugðuleiru 4, sími: 4782217
efnalaugdoru@simnet.is



Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111



Úrval af Tohatsu utan-
borðsmótorum frá Japan



Léttar og meðfærilegar
brunadælar frá Tohatsu



Vandaðar talstöðvar frá ICOM
fyrir atvinnurekstur



Fagleg ráðgjöf og viðurkenndur búnaður fyrir iðnað og annan atvinnurekstur.

FYRSTA ÚTKALLIÐ (BJÖRGUN Á SJÁLFUM MÉR)

„Fall er fararheill“ var fyrirsögn á frétt í Eystrahorni á haustdögum 1985. Fjallaði fréttin um slys sem nýkjörinn formaður Unglingadeildarinnar Brands varð fyrir á Fláajökli 15. september 1985. Þessi fyrirsögn kom upp í hugann þegar ég var beðinn að rifja þennan atburð upp.

Þetta var fyrsta ferðin á dagskrá vetrarins eftir að ég var kjörinn formaður unglíngadeildarinnar, ákveðið var að fara með hóp af nýliðum í jöklagöngu á Fláajökli og setja upp smá æfingu í sigi og ísklifri. En þessi litla æfing átti nú aðeins eftir að vinda uppá sig. Ég man ekki nákvæmlega hve margir við vorum en eitthvað í kringum 10 strákar á aldrinum 14 – 16 ára og svo var einn umsjónarmaður með okkur. Við vorum nokkrir með smá reynslu en flestir voru í sinni fyrstu jöklaferð.

Lagt var af stað að morgni frá björgunarsveitarhúsi, tíndur var til búnaður til jöklagöngu, broddar, axir, línur, hjálmur og það sem til þurfti en sitthvað varð þó eftir sem kom í ljós að hefði verið gott að hafa þegar aðstæður breyttust. Búnaðinum og mannskapnum var komið fyrir í Benz Unimog bíl sveitarinnar og brunað af stað vestur á Mýrar, kannski ekki alveg brunað hann fór nú ekki sérstaklega hratt yfir blessaður Unimoginn, en ferðin sóttist samt vel áfram. Þegar við komum að jökulsporðinum var búnaður gerður klár og menn græjuðu sig. Síðan var gengið í halarófu upp skriðjökulinn. Við vorum komnir u.þ.b. 1,5 kílómetra upp jökulinn þegar við fundum ákjósanlegan stað til að setja upp æfingu. Þetta var víð jökulsprunga með bröttum vegg öðru megin og aflíðandi halla upp hinu megin. Jökulveggurinn var um 10 metra hár þar sem hann var hæstur en lægri sunnar í sprungunni þar sem við komum okkur fyrir. Þar settum við upp tryggingar og festingar fyrir sig og klifur og æfðum okkur þar og kynntum búnaðinn fyrir nýliðunum. Þetta gekk allt ljómandi vel og skemmtum við okkur þarna. Þeir sem þekktu mig á þessum tíma kemur ekkert á óvart það sem síðan gerðist, ég átti nefnilega til að fara aðeins fram úr sjálfum mér. Í dag heitir þetta allt einhverjum fræðiheitum en fyrir 34 árum var þetta kallað glannaskapur en allavega fannst mér þjóðráð að reyna við vegginn þar sem hann var hæstur. Ég veit ekki af mér fyrir

en ég er kominn langleiðina upp vegginn ótryggður í frjálsum klifri og hugsaði nú ert þú kominn í vandræði en áfram hélt ég og var kominn alveg upp að brún þegar það brotnaði undan broddunum og ég féll niður. Vinstri öxin var enn föst og þegar tók í ólina á henni þá brotnaði á mér framhandleggurinn áður en hún losnaði og ég rann niður vegginn. Ég man enn það eina sem fór í gegnum hugann þessar sekúndur “þetta verður vont”. Neðst hallaði veggurinn út og dró úr fallinu og bjargaði sennilega því að ekki færi verr. Ég lenti með broddana á vinstri fæti utan í vegginn á leiðinni niður og við það brotnaði ökklinn og svo var maður víða lemstraður eftir landinguna en samt með fullri meðvitund.

Jæja hvað gerum við nú ?

Ég hef oft hugsað um það í seinni tíð og sérstaklega eftir að ég byrjaði aftur í björgunarsveit hvernig við óharnaðir unglíngarnir og einn umsjónarmaður sem hafði reyndar mikla reynslu af allskonar aðstæðum brugðumst við og gæti þetta verið æfing á Wilderness námskeiði.

Það fyrsta sem ég man var að við héldum allir ró okkar og að ekki skapaðist panic ástand. Ég gat sagt strákunum hvernig ástandið á mér var, að ég væri illa brotinn á ökkla og handleggsbrotinn, annars væri ég tiltölulega hress. Við fórum strax í að meta aðstæður og hvað væri mögulegt í stöðunni.

Við vorum staddir 1,5 kílómetra uppi á skriðjökli með illa brotinn sjúkling án alls sjúkubúnaðar og ekki með sjúkrahöfn til að hífa mig upp, einnig vorum við fjarskiptalausir. Þetta er allt svolítið súrealískt í minningunni því sjúklingurinn tók fullan þátt í undirbúningi og ákvörðunum varðandi björgun.

Árið 1985 voru enn í notkun gömlu björgunarsveitarstakkarnir sem ekki rifnuðu á saumum. Við ákváðum að nota tvo stakka og tvo broddstafi og búa til börur og reyna þannig að hífa mig upp úr sprungunni. Mér var komið fyrir í börunum og svo hófst alvöru sprungubjörgun. Við höfðum sem betur fer nóg af línunum og blökkum til græja okkur. Þetta gekk allt vel og þegar ég var kominn upp úr sprungunni hófst burðurinn niður af jöklinum. Ýmislegt sást okkur yfir en þetta gekk nú samt sémilega, eitt var að styðja betur við brotna ökkla en hann dinglaði hálflaus

á leiðinni niður og fer enn um mig hrollur þegar ég hugsu um það. Annað var að ég var farinn að kólna svolítið, þó strákarnir hafi dúðað mig vel með auka fatnaði þá gleymdum við að setja undir mig þegar ég lá í sprungunni og eins þegar ég var settur niður á leiðinni þegar þeir hvíldu sig, kulddinn átti þá greiða leið beint úr jöklinum upp í bakið á mér. Þegar við vorum komnir fram á jökulsporðinn var bíllinn sóttur. Ekki voru þó æfingarnar á okkur búnar því Unimoginn pikkfestist í sandbleytu og stóð þar óhagganlegur. Voru þá tveir sendir af stað hlaupandi í átt að Flatey að sækja hjálp, svo heppilega vildi til að þeir hittu fljótlega mann á bíl sem keyrði þá að bænum þar sem hringt var á sjúkrahúsi.

Á meðan við biðum eftir hjálp lá ég á jöklinum og fékk kuldann beint upp í hrygginn og var farinn að skjálfa allhressilega þegar sjúkrahúsið kom. Ég man að ég var enn skjálfaði 12 tímum seinna þá dúðaður uppi í rúmi á spítalanum. Þegar í sjúkrahúsið var komið leið ekki á löngu þar til ég var kominn undir læknishendur, og fór svo með flugi á spítala.

Enn í dag skýtur minningin um þennan atburð upp kollinum og þá sérstaklega þegar maður er á leið í útkall eða á æfingum þar sem æfður er flutningur og meðferð á sjúkling. Ég á nefnilega nokkuð auðvelt að setja mig í þeirra spor en kann þó betur við mig í hlutverki björgunarmanns. Einnig hugsu ég oft um hve mikil reynsla þetta var fyrir okkur strákana og kannski heldur mikil svona á einu bretti, en klárlega tókum við með okkur ýmislegt úr þessari ferð sem nýttist okkur seinna á lífsleiðinni þótt undirritaður ætti eftir að fara fram úr sér aftur, allavega nokkrum sinnum.

Í dag er Unglingadeildin Brandur í fullu fjöri og starfsemin þar með blóma. Sonur minn Birgir gekk í Unglingadeildina Brand og þaðan í Björgunarfélag Hornafjarðar þar sem hann er orðinn fullgildur félagi. Ég hef bent honum góðlátlega á að það sé ýmislegt sem ekki þurfi að prófa aftur, það sé nóg að einn fjölskyldumeðlimur sé tilraunadýr.

Sigurður Egir Birgisson,
félagi í Björgunarfélagi Hornafjarðar



Rafmagn í stað olíu

Johan Rönniing – sérfræðingar í landtengingu skipa

 JOHAN
RÖNNIING
ronning.is

 90
1933-2023

A large, jagged iceberg floats in a calm lagoon. In the foreground, a black motorboat with an outboard engine is on the water, with several people wearing red and yellow life jackets standing on the deck. The background shows a rocky shoreline and distant mountains under a clear blue sky. The scene is reflected in the still water.

ICE LAGOON

— ADVENTURE TOURS —



icelagoon.com



info@icelagoon.com



+354 860 9996



facebook.com/icelagoon

Ice Lagoon ehf - 440511-0660 - Sunnuhlíð 781 Hornafirði



www.southeasticeland.is

www.crystalcave.is

ÁRIN MÍN Í FRAMTÍÐ



Mynd/ Allir sem stóðu að skemmtiatriðum á 30 ára afmælinu.

Þegar ég var beðin um að rifja upp veru mína í Slysavarnadeildinni Framtíðinni var mér það ljúft og skylt þar sem ég hef verið félagi þar í 55 ár. Ég gekk í deildina árið 1968 en þá var móðir mín Ingibjörg Guðmundsdóttir nýlega orðin formaður og stjórnaði hún deildinni af miklum dugnaði og hafði gott lag á að fá alla til að starfa með sér. Hún gegndi formannsembættinu til dánardags 1985. Margir stjórnarfundir og aðrir nefndarfundir voru haldnir heima hjá henni og var gaman að fylgjast með því. Þá höfðu deildirnar hér ekkert hús til umráða. Stærri fundir voru haldnir í Sindrabæ, uppi í litla salnum. Svo var ráðist í að byggja Slysavarnahúsið og þótti mikill dugnaður að ráðast í það með Björgunarfélagi Hornafjarðar. Allt hugsanlegt var gert til að safna peningum

og síðan hafist handa við verkið. Margir félagar lögðu þar hönd á plóg og er mér sérstaklega minnisstætt þegar við konurnar hlóðum veggina undir stjórn Eymundar Sigurðssonar, þá sá formaður deildarinnar um að passa öll börnin á meðan. Húsið var síðan afhent Slysavarnafélagi Íslands til eignar 1977. Síðan er búið að byggja tvisvar sinnum við húsið og alltaf vantar okkur meira pláss því tækjakostur breytist, eykst og stækkar.

Fastir liðir í fjáröflun deildarinnar voru sumardagurinn fyrsti og síðasti vetrardagur, þá var alltaf haldið ball og jafnvel bögglaupboð, barnaskemmtanir og svo kaffisalan á sjálfan sumardaginn fyrsta. Margar voru líka samlokurnar sem við útbjuggum og seldum á öllum böllum í Sindrabæ.

Mikil afmælishátíð var haldin þegar deildin varð 30 ára 1984. Æfðir voru leikþættir og var formaðurinn leikstjóri, stofnaður var slysavarnakór sem kom oft fram á skemmtunum, kaffiveisla mikil og gott ball í lokin. Deildin fékk forlata grip frá Björgunarfélagi Hornafjarðar, klukku með loftvog og hitamæli. Á klukkunni voru tveir skildir, annar með merki Slysavarnafélagi Íslands og hinn merktur deildinni. Þessi klukka er enn í húsi félagsins.

Ullarnærföt voru gefin í alla báta á

Hornafirði og man ég að ef bátur var seldur burt voru þau látin fylgja bátnum en bætt við ef kom nýr bátur.

Þegar björgunarskipið Ingibjörg kom til Hornafjarðar varð ég þess heiðurs aðnjótandi að skíra það eftir móður minni og þótti okkur í fjölskyldunni henni sýndur mikill heiður og erum ævinlega þakklát fyrir það.

En allt er breytingum háð. Nú er félagsstarf með öðrum hætti, þar má telja línusölu, kaffisölu, þríf á ýmsum íbúðum, ýmsar kannanir á vegum Landsbjargar, hjálmgjafir til barna í 5. bekk ofl. Svo er salurinn okkar leigður út af og til eftir þörfum. Allt er gert til að afla peninga og nú verður þörfin mikil.

Ég er stolt af því fólki sem er í fararbroddi fyrir byggingu nýrrar Björgunarmiðstöðvar og það var ánægjuleg stund þegar við sameinuðust um að taka fyrstu skóflustunguna og gaman verður fyrir mig að horfa út um glugga á heimili mínu og sjá hana rísa. Ég fyllist stolti af ykkur.

Þetta er smá upptalning hvernig þetta var og er. Allt er þetta mikilvægt og örugglega ekki allt talið en þegar ég lít til baka er 30 ára afmælið mér minnisstæðast.

Ég er þakklát fyrir öll árin sem ég hef tekið þátt í starfi Framtíðarinnar, þar var ávallt góð samvinna og góður andi.

Ég óska Framtíðinni og Björgunarfélagi Hornafjarðar góðs gengis um ókomin ár og vona að bygging Björgunarmiðstöðvarinnar eigi eftir að ganga vel.

Guðbjörg Sigurðardóttir



Mynd/ Sveinn Sighvatsson formaður Björgunarfélagsins afhendir Ingibjörgu klukkuna góðu



Mynd/ Ásgerður Arnardóttir varaformaður og Ingibjörg Guðmundsdóttir formaður við 30 ára afmælistertuna



**Óskum Björgunarfélag Hornafjarðar
innilega til hamingju með nýja húsnæðið
og góðs gengis á nýjum stað.**



ÞAKKLÆTI EFST Í HUGA

Ég hef átt langa samleið með því öfluga fólki sem starfar innan Björgunarfélags Hornafjarðar og Slysavarnadeildarinnar Framtíðar. Í því samstarfi hef ég notið þeirrar gæfu að hafa aðgang að einstaklingum sem búa yfir mikilli þekkingu á mörgum sviðum, og mannaud sem samfélagið okkar getur sömuleiðis verið stolt af.

Verkin sem koma til í þessu starfi eru af margvíslegum toga, sum skemmtileg og því miður stundum erfið og krefjandi. Grundvöllur fyrir starfi viðbragðsaðila helgast af hugsjón. Þar liggur sterkasta aflið. Fólk úr öllum áttum kemur saman til aðstoðar við samfélag sitt og gesti þess, til að tryggja öryggi og finna farsæla

lausn á verkefnum sem koma til. Ákveðin sérhæfing hefur orðið til á mörgum sviðum í þessu öfluga starfi og tækjabúnaður og húsnæði því mjög mikilvægur hlekkur í keðjunni.

Fjölmargir eiga þessum einingum margt að þakka og hefur verið ánægjulegt að fylgjast með hve vel hefur verið tekið á móti verkefninu „Í þágu samfélagsins“ sem lýtur að byggingu nýrrar Björgunarmiðstöðvar. Er það þakkarvert. Verkefnið er stórt, en sterk framtíðarsýn eininga og rausnarleg framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum hafa gert það kleift.

Þar er einnig möguleiki fyrir samfélagið að taka þátt í að byggja upp til framtíðar

áframhaldandi öflugt starf eininga og von til þess að unnt sé að klára verkefnið án þess að veikja viðbragðsgetu félaganna. En efst í huga mér er þakklæti. Ekki síst til þeirra sem á undan fóru og sýndu fádæma fyrirhyggju og voru góðar fyrirmyndir. Fyrir frábært samstarf og aðgang að óteljandi einstaklingum sem stökkva til í alls kyns útköll, við alls kyns aðstæður, hvort sem er til að opna fjöldahjálparstöðvar, loka vegum eða sinna forvörnum á öllum sviðum. Einnig fyrir sérhæfða þekkingu, í leik og starfi, og stuðning í gegnum tíðina. Fyrir það er ég þakklátur og hefði ekki viljað vera án.

*Kveðja,
Jón Garðar Bjarnason*



vfs.is

Milwaukee

**ALVÖRU
VERKFÆRI**

**ÞEGAR MEST
Á REYNIR**

**VERKFÆRA
SALAN**

MX FUEL
ENGINN ÚTBLÁSTUR
AUKIN ÞÆGINDI

M18
EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 255 VERKFÆRI

M12
EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 110 VERKFÆRI

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

FJÖLBREYTTASTA ÚRVAL LANDSINS AF FJÓR- OG SEXHJÓLUM



can-am®



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is



free@home
núttímaraflögn

ABB

future® linear vörulínan



☎ 580-1900

REYKJAFELL

Heildarlausnir fyrir fagfólk og fyrirtæki í rafiðnaði

Reykjafell er framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir á sviði raf- og lýsingarbúnaðar á fyrirtækjamarkaði.



Glacierjeeps

Ice & Adventure



www.glacierjeeps.is

SINCE 1994



Hreint loft – betri heilsa

Honeywell gæða lofthreinsitæki



Loftmengun er hættuleg heilsu og lífsgæðum. Honeywell lofthreinsitæki eru góð við myglugróum, bakteríum, frjókornum, svifryki, lykt og fjarlægir allt að 99,97% af ónæmisvaldandi efnum.

Láttu þér og þínum líða vel - innandyra



HFD323E Air Genius 5.
Hægt að þvo síuna.
Verð kr. 39.420



HPA830 Round Air Purifier. Mjög hljóðlát.
Verð kr. 29.960

Honeywell

Donna
S. 555 3100 • donna.is

KONNEKT EHF

FJARSKIPTAÞJÓNUSTA

INGÓLFUR

GSM 864 5544



Þingvað ehf

byggingaverktakar

MYNDIR ÚR STARFINU








Deloitte.

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— Höldur —

Europcar


VELDU GÓÐA ÞJÓNUSTU



Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér framúrskarandi þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra og vel útbúinna bíla í öllum stærðarflokkum.





Bílaeigubílar heima og erlendis
Aðalnúmer 461 6000 • www.holdur.is



Vélsmiðjan Foss ehf

HAFÐU **(AKU)**
MEÐ Í VALINU



GG  SPORT

ht.is

tl.is



Öflug netverslun
Sendum frítt í næstu verslun



Heimilistæki



REYKJAVÍK • REYKJANESBÆR • AKUREYRI • EGILSSTADIR • SELFÖSS



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

Björgunarfélag Hornafjarðar hefur reynst Náttúrustofu Suðausturlands dýrmætur bakhjarl með aðstoð við rannsóknartengdar vettvangsferðir. Meðfylgjandi mynd var tekin í maí síðastliðnum í slíkri ferð á Breiðamerkurjökli þar sem skoðuð voru jökulsker. Starfsfólk Náttúrustofu er afar þakklátt fyrir liðlegheitin og vonast til að áframhald verði á góðu samstarfi. Við óskum Björgunarfélaginu velgengni við byggingu á nýrri og glæsilegri starfstöð.



Pakkhúsið óskar Slysavarnardeildinni Framtíðinni og Björgunarfélagi Hornafjarðar góðs gengis í byggingu nýrrar Björgunarmiðstöðvar.



Dýpkunarfélagið Trölli



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEIL SUÐURLANDI SAMTÍÐI AC
Sveitarfélagið Hornafjörður
www.heilsudurlandi.is

Umhverfisviðurkenningar 2023

Umhverfis og skipulagsnefnd auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar 2023.

Auglýst er eftir tilnefningum á einstaklingum, félagasamtökum, stofnunum, fyrirtækjum, lóðum og lögbýlum í Sveitarfélaginu Hornafirði sem hafa með athöfnum sínum verið til fyrirmyndar og gert umgengni við náttúruna og umhverfið að eðlilegum þætti í hversdagslífi sínu, starfi og rekstri eða hafa á annan hátt lagt mikið af mörkum til verndunar á náttúru og umhverfi..

Frestur til að tilnefna er til 24.september.

Tilnefningum skal skila á skrifstofu Ráðhúss Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði eða netfangið: afgreidsla@hornafjordur.is



Vidgerðir á rafbúnadi
farartækja & vinnuvéla
Raftækja ísetningar
s. 899-6924



UPPSKRIFT VIKUNNAR

Framtíðarkakan eftir Fjólu Jóhannsdóttur

Slysavarnadeildin Framtíðin er þekkt fyrir glæsileg kökuhlaðborð á Sumardaginn fyrsta og er því tilvalið að hafa hér eina uppskrift af Framtíðar-köku.

Aðferð

Framtíðar-kakan

8 stk eggjahvítur

3 dl sykur

3 msk kakó

1 tsk hvítvinsedik.

Hitið ofninn í 150°

Þeytið eggjahvítur og bætið sykrinum við.

Þetta á að stífpeyta saman.

Sigtið kakóið og bætið ediki saman við, blanda vel saman.

Hellið marengs blöndunni á pappírsklædda ofnplötu.

Bakið í 90 mín.

Slökkvið á ofninum og látið botnana vera áfram eftir inni í hitanum í honum

Sett á kökuna

500 ml rjómi

1 msk sykur

Smá vanilludropar

500 gr blönduð ber

Kremið.

8 eggjarauður

120 gr flórsykur

Þeytt vel saman

200 gr suðusúkkulaði

100 gr smjör/smjörliki

Kælt og blandað saman við eggjarauður/flórsykur.

Þetta er svo sett yfir kökuna og má líka setja undir rjómann

Verði ykkur öllum að góðu.

SPURNING VIKUNNAR

Hvað heitir björgunarskipið sem staðsett er á Höfn?



Kolbrún Björnsdóttir
Það man ég ekki, hvað heitir það?



Örn Þór Þorbjörnsson
Ingibjörg



Svafa Mjöll Jónasardóttir
Ingibjörg



Eiríkur Jónsson
Ingibjörg í höfuðið á gamla formanni
kvennadeildarinnar



ORÐALEIT

INGIBJÖRG
SNJÓSLEÐI
BJÖRGUNARSVEIT
FRAMTÍÐ
ÞAKKLÆTI
BRANDUR
BJÖRGUN
SLYSAVARNIR
NÝBYGGING
SÖFNUNARÁTAK

**Jökulsárlón Ferðapjónusta
óskar Björgunarfélagi Hornafjarðar
til hamingju með fyrirhugaða
byggingu nýs húsnæðis**



Glacier lagoon